

Stjórn Dalbæjar

21. fundur Dalbæjar 2018-2022
5. fundur ársins

Mánudaginn 25.5.2020 kl. 15:00 var haldinn fundur í stjórn Dalbæjar. Boðaðir voru aðalmenn í stjórn og Hólmfríður Jónsdóttir, fulltrúi starfsmanna. Valdemar Viðarsson mætti ekki, né varamaður í hans stað.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundarins:

1. Undirbúningur utanhúss framkvæmda. Ágúst Hafsteinsson arkitekt og Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri mæta á fundinn.

Svar hefur borist frá Framkvæmdasjóði aldraðra vegna umsóknar um styrk vegna utanhússframkvæmda við Dalbæ. Umsóknin var samþykkt. Ágúst Hafsteinsson fór yfir framkvæmdaáætlun og er áætluð verklok sumarið 2022. Fyrsti áfangi áætlunar hefst strax, þ.e. undirbúningur útboðsgagna o.þ.h.. Katrín og Ágúst fóru af fundi kl. 16:14.

2. Rafræn lyfjafyrirmæli og gjafaskráning. Tilboð frá Lyfjaveri.

Lagt fram til kynningar. Elísa ætlar að skoða tilboðið betur og kynna sér notkunarmöguleika.

3. Önnur mál

- *Staða í Covid-málum.* Búið er að rýmka heimsóknatakmarkanir, en um næstu mánaðamót verða felldar niður allar takmarkanir. Hópaskiptingu starfsfólks verður lokið föstudaginn 29. maí. Dagdvölin verður opnuð 2. júní. Föndur verður opnað næsta haust.
- *Ársreikningur Dalbæjar.* Unnið er að gerð ársreikningsins og má eiga von á að hann verði tilbúinn á næstunni.
- *Fundur um málefni hjúkrunarheimila.* Samband ísl. sveitarfélaga hélt fjarfund um rekstur hjúkrunarheimila og er staða heimila misjöfn.
- *Aðalfundur samtaka fyrirtækja í velferðaþjónustu.* Fundurinn var haldinn í dag og voru formannaskipti og tveir nýjir stjórnarmeðlimir. Hlutur Dalbæjar til samtakanna mun hækka um 200 þúsund og er það vegna viðbótar vegna launaneftdar.
- *Garðhreinsunardagur – 19. maí.* u.þ.b. 25 starfsmenn tóku þátt og var deginum lokið með grillmat og léttum veitingum, sem þakklætisvott vegna fórnfýsi starfsfólks í Covid-19 ástandinu.
- *Umhirða lóðar til umræðu.*
- *Hólmfríður Jónsdóttir sagði frá gjöf til Elísu og Hólmfríðar.* Starfsfólk vildi með gjöfunum veita þeim þakklæti og hrós vegna frammistöðu í Covid-19 ástandinu.
- *Bjöllukerfið til umræðu.* Sökum aldurs er ekki hægt að uppfæra bjöllukerfið, né að bæta auknum búnaði við það. Tilboð frá Öryggismiðstöðinni var tekið fyrir. Verður skoðað áfram.

- *Sjónvarpsmál.* Tilboð barst frá Símanum varðandi uppsetningu þráðlauss búnaðar fyrir sjónvarpsáhorf og samþykkti stjórn að taka tilboðinu. Íbúar geta keypt sér áskriftarpakka hjá Símanum, að viðbættum kostnaði vegna leigu myndlykils o.fl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:33

Fundinn sátu undirritaðir:

Kristinn Bogi Antonsson, formaður

Valdís Guðbrandsdóttir

Heiða Hilmarsdóttir

Rúna Kristín Sigurðardóttir

Elísa Rán Ingvarsdóttir

Hólmfríður Jónsdóttir